

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Læknisfræði um 1800, Lister og farsóttir

Lesefni mitt síðustu mánuði hefur mikið til verið sagnfræðilegs eðlis en ég ákvað síðasta haust að skrá mig í sagnfræði við Háskóla Íslands og eyddi síðasta vetri við nám þar með nýstúdentum og eldri borgurum. Mér fannst því við hæfi að fjalla hér um rit sem sameina sagnfræði og læknisfræði en mér finnst eitthvað heillandi við að fá að skyggjast inn í fortíðina og fá inn-sýn í líf og atburði liðinna tíma.

Meðal námsefnis var umfjöllun um heilbrigði landans og læknisþjónustu á síðari hluta 18. aldar og fyrstu árum þeirrar 19. Það var á þessu tímabili sem Bjarni Pálsson var fyrstur manna skipaður í embætti landlæknis 1760. Meðal þess sem var skoðað á kúrsinum voru ritgerðirnar „Ávísan um hin ódýrustu og einföldustu læknismeðöl“ eftir Jón Sveinsson lækni og „Tilraun að upptelja sjúkdóma þá er að bana verða og orðið geta fólki á Íslandi“ eftir Svein Pálsson lækni. Bæði ritin komu út í *Riti hins íslenska Lærdómslistafélags* árið 1797. Greinarnar eru aðgengilegar í gegnum timarit.is fyrir áhugasama en eru reyndar skrifaðar með gotnesku letri svo það þarf aðeins að setja sig í stellingar við lesturinn. Hér gáfu þeir Jón og Sveinn annars vegar yfirlit yfir ódýr og einföld læknismeðöl (en meðal þeirra voru talin bygg, tóbak og rúsínur) og hins vegar yfirlit yfir helstu sjúkdóma sem voru landlægir á Íslandi á þessum tíma. Sjúkdómar í riti Sveins eru miskunnuglegir okkar augum og erfitt að heimfæra marga þeirra á okkar tíma. Sem dæmi má nefna rotnunarsótt, miltissótt og Venussýki. Fræði þess tíma byggðu mjög




á fornum kenningum um vessaójafnvægi í líkamanum og sneru meðferðarræði gjarnan að því að leiðrétta þetta með blóðtökum, uppsölumeðulum eða stólpípum auk þess sem spanskfluguplástrar koma víða við sögu. Það er erfitt að gera sér þennan veruleika í hugarlund og það í raun fátæklega framboð af hjálpráðum sem læknar þess tíma höfðu yfir að ráða þegar þeir sinntu sjúklingum sínum.

Önnur bók sem tengir saman læknisfræði og sagnfræði er bókinn *The Butchering Art* eftir Lindsay Fitzharris. Titillinn fangar athyglina og framkallar hugrenningatengsl við læknislistina, en er einnig í augljósri andstöðu við þá



Sigurveig Þórisdóttir
röntgentæknir

veikin eftir Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðing og *Farsótt* eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur upp í hugann. Umfjöllun Gunnars um spænsku veikina veitir okkur innsýn í samfélagið og aðstæður í upphafi 20. aldar þegar spænska veikin reið yfir og þau ráð sem fólk hafði við veikinni. Svo virðist sem bjargráðin hafi ekki verið ýkja-



læknislist sem brýnd er fyrir læknanemum í dag. Umfjöllunarefnið er læknisfræði á ofanverðri 19. öld þar sem fátt var um fína drætti þegar lítið var um deyfingar og sýklalyf ekki komin til sögunnar. Aðalpersónan hér er Joseph Lister og segir frá frumkvöðlastarfi hans og samstarfi við Louis Pasteur í sýkingarvörnum, við að hindra skurðsárasykingar og sótthreinsa skurðáhöld.

Ef við beinum sjónum okkar að Íslandi en höldum okkur við þemað læknisfræði og sagnfræði koma bækurnar *Spænska*

mörg. Í *Farsótt* fjallar Kristín um merkilega sögu hússins við Þinghóltsstræti 25 þar sem fyrsta sjúkrahús Reykvíkinga reis árið 1884.

Það er þannig um auðugan garð að gresja fyrir þá sem hafa áhuga á kynna sér sögu og læknisfræði.

Ég vil skora á Óla Hilmar Ólason, barnalækni að skrifa næsta pistil.